

Orkustofnun
María Guðmundsdóttir
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík, 18. nóvember 2024
UST202410-237/R.K.
10.05.00

Efni: Ósk um umsögn - umsókn um nýtingarleyfi á jarðhita í Gljúfurárholti

Umhverfisstofnun barst þann 24. október sl. beiðni um umsögn um ofangreint nýtingarleyfi á jarðhita í Gljúfurárholti í sveitarfélaginu Ölfusi. Veitur ohf. hyggja á frekari nýtingu á jarðhita á svæðinu, núverandi nýting fer fram um 3 vinnsluholur en stefnt er á að aukna upptekt með því að setja inn nýja holu GH-05. Meðalnotkun á svæðinu hefur verið í kringum 17,3 L/s en hámarksupptekt í nýtingarleyfinu miðast við hámarksnýtingu á hverjum tíma yrði um 42 L/s. Áætlaður niðrdráttur í jarðhitakerfinu með aukinni nýtingu er á bilinu 54-92 m árið 2035 miðað við svartsýnustu spár.

Lög um stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að áður en leyfi er veitt þarf að meta áhrif **fyrirhugaðrar** og **núverandi** vatnstöku á magnstöðu grunnvatns og ástand grunnvatnshlota í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Umhverfisstofnun telur slíkt mat aðkallandi í ljósi þeirra upplýsinga sem koma fram í fylgiskjali 3 sem greinir frá lækkanði vatnsborði í öllum borholum svæðisins undir núverandi aðstæðum.

Borholurnar sem um er að ræða eru innan grunnvatnshlotsins Ölfusstraumur Ingólfsfjall (103-260-G) en matið þarf að taka tillit til allra grunnvatnshlota sem geta verið undir áhrifum vatnstöku. Frekari upplýsingar um vatnshlot og markmið þeirra eru aðgengilegar í [Vatnavefsja](#). Ástand grunnvatnshlotsins Ölfusstraumur Ingólfsfjall er óþekkt eins og er vegna skorts á gögnum en samkvæmt umhverfismarkmiðum þess skal það hafa góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. **Umhverfismarkmið vatnshlota eru lagalega bindandi og má ástand þeirra aldrei hnigna frá því sem umhverfismarkmið þeirra segja til um, hvorki varanlega né tímabundið.** Umhverfismarkmið grunnvatnshlota er að hafa góða magnstöðu og vera í góðu efnafræðilegu ástandi. Meðal annars skal hæð vatnsborðs í grunnvatnshlotinu vera þannig að meðalvatnstaka á ári til langs tíma er ekki meiri en grunnvatnsauðlindin sem er tiltæk. Ef það skilyrði er ekki uppfyllt telst grunnvatnshlotið hafa slaka magnstöðu, en þá skal, ef unnt er, gera ráðstafanir til að bæta ástand þeirra.

Í fylgiskjali nr. 3 um þróun vatnsborðs í vinnsluholum í Gljúfurárholti kemur fram að vatnsborð á svæðinu hefur farið lækkandi síðan að minnsta kosti 2012. Árið 2012 var meðalvatnsborð á um 12 m dýpi en árið 2023 var það komið á 40 m dýpi. Samkvæmt minnisblaðinu mun vatnsborð vera komið á 47 til 70 m dýpi árið 2035, en allt að 68-92 m dýpi í borholu GH-04.

Í mati á áhrifum á grunnvatnshlot skal m.a. koma fram:

- Vatnshlotið/in sem um ræðir, núverandi ástand og umhverfismarkmið. Hægt er að skoða upplýsingar um vatnshlotin hér <https://vatnavefsja.vedur.is/>
- Áhrif vegna framkvæmdarinnar og hvernig hún hefur áhrif á gæðabætti sem eru notaðir til að ástandsmeta vatnshlotin. Vegna áhrifa á grunnvatn skal skoða þá mæliþætti sem notaðir eru til að meta gott efnafræðilegt ástand og góða magnstöðu í kafla 2, viðauka III í rgl. 535/2011 og rgl nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.
- Mat á því hvort framkvæmdin valdi því að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir vatnshlotin náist ekki.
 - Umhverfismarkmið grunnvatnshlota eru tvö – að hafa góða magnstöðu þýðir að meðalvatnstaka á ári til langs tíma má ekki vera meiri en grunnvatnsauðlindin sem er tiltæk. Að vera í góðu efnafræðilegu ástandi sem þýðir að ekki sé verið að losa efni út í grunnvatn sem spillt geta gæðum þess.
 - Mikilvægt er að svara þessum spurningum um umhverfismarkmiðin. Meta þarf hvort framkvæmdin valdi því að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir vatnshlotin náist eða ekki.
- Samlegðaráhrif allrar starfsemi (núverandi og fyrirhugaðri) sem hafa eða geta haft áhrif á vatnshlotið – ef einhver.
- Hugsanlegar mótvægisaðgerðir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif (þ.e. ef kemur í ljós að umhverfismarkmiðin nást ekki).

Virðingarfyllt

Ríkey Kjartansdóttir,
sérfræðingur

Sverrir A. Jónsson,
teymisstjóri